

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 273/2024

2025/EES/25/22

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2047 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„– **32024 R 2047**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2047 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2047, 30.7.2024).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 253. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1611):

„254. **32024 R 2047**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2047 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2024/2470, 30.7.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2047, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/2047, 30.7.2024, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2024/2047/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2047/oj)

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Anders H. Eide***

formaður